

margt smátt ...

3. tbl. 2019



Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

Vaffla

...með rjóma



Það er þetta með stóra samhengið. Hvernig allt sem við gerum hefur áhrif á allt og alla í kringum okkur. Til dæmis ofneysla og sóun sem hafa neikvæð áhrif á meðan endurnýting og umhverfisvernd stuðla að jafnvægi og farsæld.

Í þessu blaði segjum við frá verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar hér heima jafnt sem í þróunarsamvinnu í útlöndum. Fólkið sem við vinnum með og fyrir á það sammerkt að það býr við aðstæður sem það hefur ekki valið sér sjálf. Það má jafnvel leiða líkum að því að það líði fyrir ofneyslu og sóun sem leiða af sér loftslagsbreytingar og ójöfnuð.

Fólkið sem við vinnum með í Eþíópíu býr á miklum þurrka-svæðum. Loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa gert það að verkum að veðurkerfi eru óútreiknanleg og nú rignir þar óreglulega og öðruvísi en áður. Bændurnir geta ekki lengur stólað á uppskeru og fátæktin verður enn meiri.

Í Úganda búa börn og unglingar við örbirgð vegna veikinda foreldra og vangetu stjórnvalda til að hlúa að borgurum sínum. Af hverju geta þau það ekki? Úganda er númer 162 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna á meðan Ísland er þar númer sex. Án tækifæra viðheldur fátæktin sjálfri sér.

Íslensk stjórnvöld hvetja fyrirtæki í landinu til að taka þátt í þróunarsamvinnu. Fyrirtækin er hvött til að taka ákveðna áhættu. En áhættan er mikils virði því hún getur stuðlað að uppbyggingu

fyrirtækja í lágtekjuríkjum á borð við bæði Eþíópíu og Úganda og að þar verði til öflug millistétt sem getur drifið samfélagið áfram.

Hjálparstarf kirkjunnar í Danmörku hefur nýlega opnað verslanir með afgangsmat. Með því hefur að minnsta kosti þrennt áunnist: Nýtanlegum matvælum er síður fargað, fólk getur keypt mat fyrir lítinn pening og ágóðinn af rekstri verslananna er varið til verkefna í þágu fólks sem býr í einna fátækustu samfélögum heims - verkefna sem snúast um að tryggja fæðuöryggi fólks sem býr við sára fátækt.

Það er þetta með stóra samhengið og það hvernig allt sem við gerum hefur áhrif á allt og alla í kringum okkur. Í vor fékk fólk í Kjalarnesprófastsdæmi sér vöflu með rjóma sem það keypti af börnum í æskulýðsfélögum þjóðkirkjunnar. Afraksturinn rann til verkefna Hjálparstarfsins í þágu barna í Úganda sem misst hafa foreldri úr alnæmi. Ein vaffla skiptir ekki máli í stóra samhenginu hugsar þú kannski. Við segjum jú, þegar fólk kaupir vöflur fyrir 355.654 krónur skiptir það eina fjölskyldu sem fær þak yfir höfuðið í sveitinni í Úganda öllu máli. Þegar þú velur að styðja við hjálparstarf ert þú að hafa áhrif á stóra samhengið. Margt smátt gerir eitt stórt!

Takk fyrir stuðninginn!

Kristín Ólafsdóttir,
fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

margt smátt ...
gerir eitt stórt

3. tbl. 31. árg. október 2019

Fréttablaðið **margt smátt...** sem kemur út 2- 4 sinnum á ári er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara Hjálparstarfs kirkjunnar

Láttu okkur vita
viljir þú fría áskrift.

Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.


Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00 - 16:00.

Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir, kristin@help.is

Forsíðumyndin var tekin í Kebri Beyah í Sómalífylki Eþíópíu, í febrúar 2019 en þar er stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu. Takk fyrir að vera með okkur í því!

Myndir: Hjálparstarf kirkjunnar nema bls. 8 @throunarsamvinna.ber.avox og bls. 9 @dca.dk.
Prentvinnsla: Litróf - Umhverfissvottuð prentsmiðja 

Vilt þú styrkja starfið?

**Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum www.help.is og www.framlag.is.
Gjafabréf fást á www.gjofsemgefur.is.**

Reikningar sem leggja má inn á:

0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.

0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.

Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar ganga í hús í sóknunum um land allt dagana 29. – 31. október næstkomandi með bauk frá Hjálparstarfi kirkjunnar sem er merktur, númeraður og lokaður með innsigi. Börnin gefa þannig af tíma sínum til að safna fé til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku.

Fermingarbörn ársins 2020 ganga í hús 29. – 31. október og safna fé til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku

Meðal þess sem börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar fá að kynnast í vetur er þróunarsamvinna á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Fermingarbörnin fá að kynnast aðstæðum sem fólkið á verkefnasvæðum býr við og rætt er um sameiginlega ábyrgð á því að allir jarðarbúar fái lífað mannsemandi lífi.

Í kjölfar fræðslunnar ganga fermingarbörnin í hús og safna framlögum til verkefna sem kynnt hafa verið. Fyrir söfnunina fá börnin leiðbeiningar um framkomu, öryggi og að gleyma ekki að vera vel klædd. Börnunum er uppálagt að fara alltaf tvö og tvö saman og foreldrar eru hvattir til að ganga með þeim. Börnin fá endurskinsmerki merkt Hjálparstarfi kirkjunnar til að bera á meðan fjáröflun stendur.

Á unglingsárum þegar skilningur vex og ungt fólk er að móta sér lífsstíl er mikilvægt að fá að setja sig í samhengi við aðra í heiminum og skynja kraft sinn til þess að breyta rétt og hafa áhrif. Við teljum að með verkefninu gefist tækifæri til að fræða fermingarbörnin um gildi náungakærleika á ápreifanlegan hátt. Með því skapast einnig mótvægi við síblyju neikvæðra fréttu og tækifæri til að skynja að öll getum við lagt eitthvað af mörkum.

Ef þú vilt styðja söfnun fermingarbarna til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku, geturðu hringt í söfnunarsíma 907 2003 og gefið 2.500 krónur eða lagt upphæð að eigin vali inn á reikning 0334-26-56200. Kennitala 450670-0499. Nánari upplýsingar á www.help.is.

Tökum vel á móti fermingarbörnunum!



Alþýðusamband Íslands





Akel bóndi hjálpar Hjálparstarfi kirkjunnar við að ná árangri

Akel er bóndi í Kebri Hanten í Sómalífylki í Eþíópíu en þar er stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu. Akel fékk þurrkþolin frá til ræktunar og ræktar nú papriku, tómata, pipar, lauk, gulrætur og fleira á landskika sínum. Akel og fjölskylda hans eiga sína eigin vatnsþró og úr henni veitir hann vatni á akurinn. Akel leggur sitt af mörkum í verkefni Hjálparstarfsins með því að kenna öðrum bændum sem búa við sára fátækt skilvirkar ræktunaraðferðir á þessu mikla þurrka-svæði.

Landrof og eyðimerkurmyndun einkenna svæðið og er það rakið til öfuga í veðri sem verða æ meiri. Bændurnir sem taka þátt í verkefni Hjálparstarfsins hefta landrof með því að hlaða steinum og setja vírnet í djúpa skurði sem beljandi regnið hefur myndað þegar loks hefur rignt á glerharðan jarðveginn eftir



Aðgengi að vatni, skilvirkni og umhverfisvernd er það sem til þarf svo akuryrkja og búfjárrækt verði sjálfbær í Sómalífylki í Eþíópíu.

langa þurrkatið. Bændurnir grafa hins vegar grunna skurði fyrir regnvatn á ræktarlandi sínu og sjá þannig til þess að regnvatnið hafi farveg í stað þess að flæða yfir og eyðileggja ræktar- og beiti-land enn frekar. Þeir vinna vinnuna en Hjálparstarfið greiðir fyrir þjálfun, áhöld og efni sem til þarf.

Meðal meginmarkmiða verkefnisins er að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu og að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði. Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það hefur ekki verið mögulegt hafa verið grafnar vatnsþrær fyrir regnvatn. Þá hafa dýraliðar verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé. Hjálparstarf kirkjunnar hefur starfað með Lútherska heimssambandinu í Sómalífylki í Eþíópíu frá árinu 2007 eða í 12 ár.



Í Kebri Beyah í Sómalífylki Eþíópíu býr Amína (fyrir miðju) með eiginmanni sínum og fjórum börnum. Í fyrra leituðu fjögur systkin á unglingsaldri sem höfðu flúið frá átakasvæðum í Suður-Súdan ásjar hjá fjölskyldunni og búa nú með þeim. Elsta systirin er hér lengst til hægri.



Valdefling kvenna er forsenda farsældar

Amína býr í Kebri Beyah í Sómalífylki í Eþíópíu þar sem Hjálparstarf kirkjunnar vinnur með sárafatækum bændum að bættum hag þeirra. Dæmigerðum degi ver Amína í að sækja vatn, elda mat og gera við hústjald fjölskyldunnar. Á meðan býr maðurinn hennar til viðarkoll úr dauðum trjábolum sem hann finnur á víðavangi og hugar að húsdýrum fjölskyldunnar.

Konur á svæðinu hafa ekki haft völd til að taka ákvarðanir um landnotkun, búfé eða fjármál heimilisins og fá mjög takmarkað tækifæri til að taka þátt í sveitarstjórn. Þetta valdleysi kvennanna í fylkinu hefur haft neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna og fjölskyldna þeirra.

Eitt meginmarkmiða verkefnis Hjálparstarfsins á svæðinu er að stuðla að auknu valdi og áhrifum kvenna samfélaginu öllu til farsældar. Konunum er boðið að taka þátt í sparnaðar- og lánaþóttum með það að markmiði að þær geti hafið eigin atvinnurekstur. Amína tekur nú þátt í slíkum hópi með 15 öðrum konum.

Í kjölfar fræðslu og láns kom Amína sér upp verslun með eldhúshöld sem hún selur nágrönnum sínum. Ágóðann notar hún til að kaupa nauðþurftir fyrir börnin sín og stundum vatn sem hún sækir um langan veg, enn sem komið er, en Hjálparstarfið áætla að grafa vatnsþró við þorpið þar sem Amína býr undir lok ársins 2019.



Tunguhálsi 10 · 110 Reykjavík · S: 567-3440 · Email: vagnar@vagnar.is





Nassaazi Margaret er gömul ekkja sem hefur fyrir sjö barnabörnum að sjá í sveitinni í Rakaíhéraði í Úganda. Foreldrar barnanna eru látnir af völdum alnæmis en HIVsmit er hvergi algengara í Úganda en í héraðinu. Öll 12 börn Margaret og makar þeirra eru látin úr sjúkdómnum sem hefur verið sérlega skæður í fiskiþorpinu sem Margrét býr í.

Margaret og barnabörnin hennar eru ein af þeim sjö fjölskyldum sem hafa síðustu 20 mánuði fengið múrsteinshús til að búa í, 4000 lítra vatnstank fyrir regnvatn við hlið hússins, eldaskála og kamar. „Nú er ég ekki hrædd við regnið,“ sagði Margaret aðspurð um hverju það hefði breytt fyrir hana að fá múrsteinshús. „Nú má rigna fyrir mér, þakið heldur okkur þurrum og flugunum úti“, sagði hún.

Margaret lýsti ánægju með geiturnar fimm sem hún fékk en hún reisti að eigin frumkvæði skýli yfir þær, hefur hafið ræktun og nú eru geiturnar orðnar sex að tölu. Margaret ræktar maís á akrinum en aðalvandamál hennar er að flóðhestar koma stundum upp frá vatninu og eyðileggja uppskeruna. Margaret fléttar líka mottur til drýgja tekjurnar. Það tekur hana einn mánuð að klára eina mottu og fyrir hana fær hún pening sem dugar til dæmis fyrir þremur kg af maísmjöli sem er helsta fæða heimilisins.

Hjálparstarf kirkjunnar og grasrótarsamtökin RACOBABO hafa starfað með HIVsmituðum, alnæmissjúkum, eftirlifendum þeirra og munaðarlausum börnum í héruðunum Rakai og Lyantonde í Úganda frá árinu 2001.



Margaret stendur hér í dyragætt gamla kofans en þakið var að mestu horfið í maí síðastliðnum.



Margaret fléttar mottur til að drýgja tekjurnar. Fyrir andvirði einnar mottu fær hún þrjú kg af maísmjöli sem er undirstaða fæðu fjölskyldunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar stuðninginn

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf
 ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
 Arkís arkitektar ehf
 Auglýsingastofan ENNEMM
 Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
 Áltak ehf
 Árbæjarapótek ehf
 Ásar - Ellen Ingadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
 B&B gluggatjaldahreinsun ehf
 Barnalæknabjónustan ehf
 BBA/Legal ehf
 Berserkir ehf

BG pípulagnir ehf
 Bifreiðaverkstæðið Armur
 Bil - Pro ehf
 Bilahöllin-Bilaryðvörn hf
 Bílasalan Heimsbílar ehf
 Bílasmíðurinn hf
 Bjarnar ehf
 Blómabúðin Hlíðablóm
 Bókabúðin Sjónarland
 Bónstöðin hjá Jobba ehf
 Brúskur hársnyrtistofa
 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalagsins
 BSI bifreiðaverkstæði ehf
 Danfoss hf
 Danica sjávarafurðir ehf

Dokkan, þekkingar- og tengslanet
 www.dokkan.is
 Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf
 E.T. hf
 Eðalbílar ehf
 Eðalflutningar ehf
 Eðalklæði ehf
 Efling stéttarfélag
 Eignamiðlun ehf
 Eignaumsjón hf
 Endurskoðun og reikningshald ehf
 Endurskoðun og reikningsskil hf
 Ernst & Young ehf
 Eyesland gleraugnaverzlun
 Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Félag skipstjórnarmanna
 Fiskafurðir-umboðssala ehf
 Fjárhald ehf
 Fjárstoð ehf
 Fossberg ehf
 Fótaaðgerðastofan frískir fætur
 Fótóval ehf
 Freska Seafood ehf
 Fylgifiskar ehf
 Gagarín ehf
 Garðs Apótek
 Garðsauki ehf
 Gáski sjúkraþjálfun ehf
 GB Tjónaviðgerðir ehf
 Geotek ehf

Menntun gjörbreytir aðstæðum unglinga í fátækra- hverfum

Í Úganda er Hjálparstarf kirkjunnar í samstarfi við samtökin Ugandan Youth Development Link, UYDEL, sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala og eru leiðandi í baráttunni gegn mansali og barnaþrælkun í landinu.

Í höfuðborginni reka UYDEL smiðjur fyrir börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára og fjármagnar Hjálparstarf kirkjunnar starfið í þremur þeirra. Í smiðjunum þremur stunda um 500 unglingar nám ár hvert. Markmiðið er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tórstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Í smiðjunum geta unglingsarnir valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugerð. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd unglingsanna sem koma úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum.



„Áður var eins og ég væri ekki til en núna vinn ég fyrir mér, ráðstafa launum mínum eins og ég kys og fólk virðir mig,“ sagði Salóme, tvítug stúlka, sem útskrifaðist úr smiðju UYDEL árið 2018 og vinnur nú sem herbergisþerna á stóru hóteli í Kampala, höfuðborg Úganda.

Hjálparstarf kirkjunnar fjármagnar kennsluna og starfið í smiðjunni. Í maí síðastliðnum fóru framkvæmdastjóri og fræðslu-fulltrúi Hjálparstarfsins í vettvangsferð til að hitta núverandi nemendur í smiðjum UYDEL, jafnt sem útskrifaða til að kynna högum þeirra betur.

Salóme sagðist ánægð í vinnunni og þakkaði ítrekað fyrir tækifærið sem hún fékk með ársnámi í smiðjunni.

Eftir námið komu félagsráðgjafar UYDEL því til leiðar að Salóme kæmist á starfsmasamning á hótelinu. Hún stóð sig vel og fékk þar fasta vinnu í framhaldinu.

Salóme leggur fyrir af launum sínum vikulega en draumur hennar er safna nægu fé til að geta opnað eigin matsölubás. „Þú verður að vinna hörðum höndum til að ná árangri,“ sagði hún full bjartsýni.

Gjögur hf
Guðmundur Arason ehf-GA Smiðjárn
Gullkistan skrautgripaverslun
www.thjodbuningasilfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hagi ehf-Hilti
Halldór Jónsson ehf
Hákon Bjarnason ehf
Hár Class hársnyrtistofa
Hársnyrtistofan Amrabakka ehf
Henson sports
Herrafataverslun Birgis ehf
Hið íslenska bókmenntafélag
Hjá Guðjón Ó hf
Hjá Hrafnhildi

Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðfærahusið ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé
Hrafnistuheimilin
Hreinsitækni ehf
Hreyfill
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf
IBH ehf
Intellecta ehf
Íbúðagisting.is
Ísbúðin Erluis
Íslenska auglýsingastofan
Ísold ehf

Íþróttasamband fatlaðra
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
JHM Sport ehf
Jónar Transport hf
K.F.O. ehf
Keiluhöllin Egilshöll
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Kjöreign ehf, fasteignasala
Klettur - sala og þjónusta ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
KOM almannatengsl
Krumma ehf
Landssamband lögreglumanna
Listvinahusið, leirkerasmiði
Litróf ehf

LOGOS lögmannsþjónusta
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögfræðisþjónusta
Sígurðar Sígurjónssonar hrl
Lögreglustjóriinn á höfuðborgarsvæðinu
Magnús og Steingrímur ehf
Margt smátt ehf
Matthias ehf
Málningarvörur ehf
Merlo Seafood
Multivac ehf
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Myconceptstore
Nasdaq Iceland
Neshamar ehf



Unglingar fá tækifæri til verknáms hjá UCCI. Meðal námsgreina eru körfugerð saumar, smíði, rafiðn og jarðrækt.

Frá árinu 1989 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar stutt starf Sameinuðu indversku kirkjunnar, United Christian Church of India eða UCCI, með því að greiða kostnað við skóla- og heimavist fyrir börn og unglunga ásamt því að senda stök framlög til viðhalds bygginga og til starfsemi 40 rúma sjúkrahúss sem UCCI rekur. Starfsárið 2018 – 2019 styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar 225 börn og unglunga til náms en auk þess greiddi Hjálparstarfið laun fyrir átta kennara við skólann. Heildarframlag nam 10,7 milljónum króna.

UCCI hefur starfað í Andhra Pradeshfylki í austurhluta Indlands frá árinu 1968. Frá stofnun hefur kirkjan hjálpað fjölskyldum sem tilheyra hópi hinna stéttlausu í fylkinu og búa við örbirgð. UCCI rekur þar skóla, heimavist og spítala ásamt því að gefa fólki mat. Áslaug Stefánsdóttir Indlandsvinur er upphafskona Fósturforeldra en það er hópur fólks sem greiðir fyrir veru barna í skóla og heimavist UCCI með reglulegum fjárframlögum.

Fæst barnanna eru munaðarlaus en sakir fátæktar og fordóma komast þau ekki í almenna skóla. Þegar börnin hefja skólagöngu hjá UCCI opnast þeim möguleiki til betra lífs en félagsleg staða þeirra og fátækt annars býður þeim. Auk þess er þeim um leið forðað frá óhóflegri vinnu, hungri og skorti á lækniþjónustu. Skólasterfið er því mikilvæg forvörn gegn því að börn lendi í vinnuþrækkun. Menntunin býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra til að lifa með reisn.

Samstarf Hjálparstarfs kirkjunnar og UCCI hófst í kjölfar þess að skóli UCCI brann til kaldra kola árið 1988 en þá voru nemandur 400 talsins í sjö bekkjardeildum. Skólastjórinn heimsótti þá Áslaugu til Íslands og saman leituðu þau til Hjálparstarfs kirkjunnar um aðstoð við endurbyggingu skólans. Í byrjun árs 1989 sendi Hjálparstarfið 15.000 bandaríkjadali til verksins og hefur samstarfið haldið áfram óslitið síðan þá.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar stuðninginn

Norræna ferðskrifstofan Smyril Line
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf
Nýtt Skil slf
Oliudreifing ehf
Orðabankinn sf
Ottó B. Arnar ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Ósal ehf
ÓV jarðvegur ehf
Pingpong.is
Plast - miðar og tæki ehf
Premis ehf
Raflex ehf

Rafsvið sf
Réttur - ráðgjöf & málf lutningur
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Segull ehf
Sigurborg ehf
Skorri ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SM kvótaping ehf
Snyrtistofan Gyðjan ehf
Sólón Bistro
Special Tours
Sport-Tæki ehf

Sprinkler pípuagnir ehf
Spör ehf, auglýsingastofa
Stansverk ehf
Sveinsbakari
Söngskólinn í Reykjavík
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannréttingar sf
TCM Innheimta ehf
TEG endurskoðun ehf
Terra Export ehf
THG Arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
Trans Atlantic ehf - ferðaskrifstofa
Trésmiðja GKS ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf

Umbúðamiðlun ehf
Umslag ehf
Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf
VA arkitektar ehf
Varmi ehf
VDO ehf
Verlunin Álfheimar
Verlunin Brynja ehf
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vélvík ehf
Við og Við sf
Virkiun ehf
VOOT Beita
VSÓ Ráðgjöf ehf



Brýnt að íslensk fyrirtæki taki þátt í þróunarsamvinnu

Fulltrúar félagasamtaka sem standa að vitundarvakningu um mikilvægi þróunarsamvinnu og baráttunnar gegn fátækt og hungri í heiminum. Frá vinstri: Kristín Ólafsdóttir frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Laufey Birgisdóttir frá ABC barnahjálp, Harpa Júlíusdóttir frá Félagi Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi, Ragnar Schram frá SOS Barnaþorpunum, Áslaug Ármannsdóttir verkefnisstýra Þróunarsamvinnna ber ávöxt árið 2019, Kristín Hjálmtýsdóttir frá Rauða krossinum, Erna Reynisdóttir frá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi, Stella Samúelsdóttir frá UN Women á Íslandi, Stefán Örn Gíslason frá Unicef og Ragnar Gunnarsson frá Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga.

Þróunarsamvinna ber ávöxt er samstarfsverkefni félagasamtaka sem starfa á vettvangi alþjóðlegra mannúðarmála og hjálparstarfs sem og utanríkisráðuneytis. Markmið þess er að vekja athygli á mikilvægi þróunarsamvinnu en samkvæmt heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun er útrýming hungurs og fátæktar í öllum sínum birtingarmyndum brýnasta verkefnið á heimsvísu og skilyrði fyrir sjálfbæra þróun.

Vitundarvakningin í ár var skipulögð dagana 9. – 13. september og fólst í því að veita fyrirtækjum á Íslandi upplýsingar um samvinnutækifæri sem standa þeim til boða en Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir aukið samstarf atvinnulífs, félagasamtaka og stjórnvalda forsendu þess að raunverulegur árangur náist við að útræma fátækt og auka velsæld í lágtekjuríkjunum í heiminum.

Um 90 fulltrúar fyrirtækja, félagasamtaka og utanríkisráðuneytis tóku þátt í málstofu sem haldin var þann 10. september. Þar var

meðal annars fjallað um samstarfsþjóð atvinnulífs og stjórnvalda sem er ætlað að virkja þekkingu, fjármag og frumkvæði íslenskra fyrirtækja í þróunarsamvinnu. Þá sögðu fulltrúar fyrirtækja og félagasamtaka frá verkefnum sem íslensk fyrirtæki koma nú þegar að í þróunarsamvinnu.

„Starfsfólk, viðskiptavinir og fjárfestar gera æ meiri kröfur til fyrirtækja um samfélagslega ábyrga hegðun. Með þátttöku í þróunarsamvinnu geta fyrirtæki aukið stolt starfsmanna sinna og gefið viðskiptavinum og fjárfestum skýran og ábyrgan valkost.“

Þátttaka í þróunarsamvinnu er tækifæri fyrir fyrirtæki, sama hversu stór eða smá þau eru, til þess að leggja sitt af mörkum svo heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun náist á tilsettum tíma. Fyrirtæki geta lagt lóð sín á vogarskálarnar með ýmsum hætti, hvort sem það eru fjárframlög, aðgengi að starfsfólki eða stuðningur í formi þekkingar eða búnaðar,“ sagði Áslaug Ármannsdóttir, verkefnisstýra Þróunarsamvinnna ber ávöxt þetta árið.

Wurth á Íslandi ehf
 XCO ehf
 Z - brautir og gluggatjöld
 Þorsteinn Bergmann ehf
 Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
 Ökuskólinn í Mjódd ehf
SELTJARNARNES
 Horn í horn ehf, parketlagnir
 Önn ehf, verkfræðistofa
KÓPAVOGUR
 ALARK arkitektar ehf
 Alhliða pípulagnir sf
 Bazaar Reykjavík ehf
 Bifreiðastillingin ehf

Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
 Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
 Blikksmiðjan Vík ehf
 Bólstrun Ásgríms Þ Ásgrímssonar ehf
 Dressmann á Íslandi ehf
 Einar Ágústsson & Co ehf
 Fararsnið, sælkeragöngur um Ítalíu
 Flugfreyjufélag Íslands
 Fríkirkjan Kefas
 GG Sport
 Glermenn ehf
 goddi.is
 Greitt
 Gróðrarstöðin Storð ehf
 Grunnlagir ehf, pípulagnabjónusta

Hagblikk ehf
 Hefilverk ehf
 Hillmar Bjarnason ehf, rafverktaki
 Hitatækni ehf
 Hjörtur Eiríksson sf
 Hoist vinnulyftur
 Húsfélagabjónustan ehf
 IClean ehf
 Iðnaðarlausnir ehf
 Ísfix ehf
 JS ljósasmíðjan - Sláttuvélamarkaðurinn
 Kambur ehf
 Karína ehf
 Kraftvélar ehf
 Lindakirkja

Línan ehf
 LK pípulagnir ehf
 Loft og raftæki ehf
 Malbiksviðgerðir ehf
 Nobex ehf
 Þústverkstæði Hjá Einari
 Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf
 Skólamyndir ehf
 Suðurverk hf
 Söluturninn Smári
 Tröllalagnir ehf, pípulagnabjónusta
 Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar
 Vatn ehf
 Visitor, ferðaskrifstofa
 Zenus - sófar & gluggatjöld



Best fyrir?

- Morgunverðarfundur um fátækt og matarsóun á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt

Hjálparstarf kirkjunnar í Danmörku, Folkekirkens Nødhjælp, opnaði fyrstu Wefood - verslun með afgangsmat árið 2016. Nú versla yfir 60.000 manns daglega í Wefoodbúðum á Amagerbrogade og Nørrebrogade í Kaupmannahöfn en þar halda sjálfbóðaliðar starfinu uppi að mestu leyti.

Á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt fimmtudaginn 17. október stóð EAPN á Íslandi fyrir morgunverðarfundum á Grand Hotel í Reykjavík um tengsl milli fátæktar og matarsóunar. Meðal spurninga sem leitað var svara við er hvort við getum nýtt mat sem gengur af á annan hátt en að gefa hann fátækum í poka og hvort og hvernig nýting afgangsmatvæla geti leitt til frekari farsældar fyrir samfélagið í heild.

Fundarstjóri var Sigfús Kristjánsson, fulltrúi Biskupsstofu í stjórn EAPN á Íslandi. Frummælendur voru Rakel Garðarsdóttir, stofnandi Vakandi, samtaka sem berjast gegn sóun á matvælum, Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri Krónunnar, Kristín Ólafsdóttir fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar og Hildur Oddsdóttir, fulltrúi Pepp Ísland.

Meðal þess sem kynnt var eru Wefood - verslanir með afgangsmat sem Hjálparstarf kirkjunnar í Danmörku rekur. Fyrsta verslunin var opnuð árið 2016 en nú er í bígerð að opna fjórðu búðina enda hafa búðirnar notið mikilla vinsælda í Danmörku. Sjálfbóðaliðar halda starfinu uppi að mestu leyti og allur ágóði

rennur til hjálparstarfs meðal fólks í fátækustu samfélögum heims.

EAPN á Íslandi eru regnhlífarsamtök félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi. Samtökin eiga aðild að evrópska tengslanetinu gegn fátækt, European Anti Poverty Network - EAPN, sem voru stofnuð árið 1990. Lykilatriði í baráttu EAPN er virk þátttaka fólk sem býr við fátækt. Þannig er hægt að finna orsakir og vinna að því að útrýma fátækt um leið og stuðlað er valdeflingu einstaklinga sem við hana búa.

Aðildarfélögin eru Félag einstæðra foreldra, Hagsmunasamtök heimilanna, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleiksbjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfshjörg, Velferðarsjóður Suðurnesja og Öryrkjabandalag Íslands.

Hægt er að hafa samband við EAPN á Íslandi með því að senda póst á capn@capn.is.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar stuðninginn

GARÐABÆR

Apótek Garðabæjar
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Garðabær
Garðasókn
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Hagråd ehf
Hannes Arnórsson ehf
Hjallastefnan ehf
Hreyfimyndasmíðjan
Loftorka Reykjavík ehf
Oliner System Iceland ehf
Samhentir
Úranus ehf

Vélsmiðja Þorgeirs ehf
Vörukaup ehf, heildverslun
Öryggisgirðingar ehf

HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf
Barak.is
Barkasuða Guðmundar ehf
Betri Bygging ehf
Bókhaldstofan ehf
Dverghamrar ehf
Eldvarnarþjónustan ehf
Essei ehf
Fjarðargarðar ehf
Fjarðarmót ehf
Flúrlampar ehf

Gröfupjónusta Grafa og grjót ehf
Gunnars mæjónes ehf
H. Jacobsen
Hafnarfjarðarhöfn
Hagstál ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Ingvar og Kristján ehf
Íshestar ehf
Kona Tiskverslun
Krossborg ehf
Kæling ehf
Lava Hostel
Lögafli - lögmannsstofa
Milli hrauna, heimilismatur
Opal Sjávarfang ehf

Pálmar Sigurðsson
S.G múrverk ehf
Smyril Line Ísland ehf
Teknis ehf
ThorShip
Trefjar ehf
Úthafsskip ehf
Útvík hf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélsmiðjan Kofri ehf
REYKJANESBÆR
Benni pípari ehf
Bókhalds- og rekstrarþjónusta
Gunnars Þórarínssonar
DMM Lausnir ehf



Hjálparstarf kirkjunnar tekur á móti heilum og hreinum fatnaði alla virka daga klukkan 8 – 16. Á þriðjudögum klukkan 10 – 12 er hægt að nálgast fatnað endurgjaldslaust á lager Hjálparstarfsins að Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Endurnýting á fatnaði hefur margfalt gildi

Vitundarvakning á sér nú stað um nauðsyn umhverfisverndar og um það að hér á Íslandi er mikil matar- og fatasóun. Hjálparstarf kirkjunnar tekur þátt í umhverfisvernd með því meðal annars að taka við notuðum fatnaði frá almenningi og koma honum áfram til þeirra sem á þurfa að halda. Fyrst og fremst er þörf fyrir hlýjan vetrarfatnað og -skó á allan aldur og kyn. Fatnaðurinn þarf að vera heill, hreinn og tilbúinn til notkunar þegar fólk kemur með hann.

Það er öflugur hópur sjálfbóðaliða sem aðstoðar fólk sem kemur til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir notuðum fatnaði á þriðjudögum klukkan 10:00 – 12:00 og annar frækinn hópur sjálfbóðaliða mætir á miðvikudögum og tekur notaðan fatnað sem borist hefur upp úr pokum og töskum, flokkar hann og setur í hillur. Sjálfbóðaliðar Hjálparstarfsins segjast fá mikið út úr starfinu og samverunni hver við annan.

Á starfsárinu 2018 – 2019 sóttu 495 einstaklingar og fjölskyldur sér notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu, sumir komu oftast en einu sinni en sjálfbóðaliðar aðstoðuðu fólk í alls 756 skipti við að finna fatnað við hæfi. Flestir komu í kringum jól og áramót eða um 253 einstaklingar og fjölskyldur.

Sífelld fleiri einstaklingar í hælisleit og annað fólk sem er nýkomið til landsins leitar til Hjálparstarfsins eftir fatnaði en fólk fætt á Íslandi er í miklum minnihluta þeirra sem sækjast eftir þeirri þjónustu. Má leiða líkum að því að íslenskar fjölskyldur leiti frekar til stórfjölskyldu og vina um notaðan fatnað en að fólk sem hér er tímabundið eða nýsest að hafi ekki það tengslanet að leita til.



Skrifstofa og lager Hjálparstarfs kirkjunnar eru að Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, nánar tiltekið á neðri hæð Grensáskirkju en gengið er inn að neðanverðri kirkjunni.

EÓ Raf ehf
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf
Ístek ehf
Lyfta ehf
M² Fasteignasala & leigumíðlun
Maron ehf
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Nesraf ehf
PA hreinsun ehf, hreingerningarpjónusta
Pulsuvagninn í Keflavík
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Renniverkstæði Jens Tómassonar
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf
Rörlagningamaðurinn ehf

Rörvirkir sf, Lúðvík Gunnarsson
Skólar ehf
Tjarnagrill
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum
Örk ehf
GRINDAVÍK
Einhamar Seafood ehf
Hópsnes ehf
Lagnþjónusta Þorsteins ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

SANDGERÐI
Bylgja Dröfn Jónsdóttir
Fiskmarkaður Suðurnesja hf
Verk- og tölvuþjónustan ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
GARDUR
Aukin Ökuréttindi ehf
Leikskólinn Gefnarborg
Páll Bragason ehf
Suðurnesjabær
MOSFELLSBÆR
Álguggar JG ehf
Fagverk verktakar sf
Hestaleigan Laxnesi

Ístex hf
María Norðdahl
Mosfellsbakari
Nonni litli ehf
Útileigumaðurinn ehf
vinilparket.is
HVALFJARÐARSVEIT
Hvalfjarðarsveit
AKRANES
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Bíliver, bílaverkstæði ehf
Galito veitingastaður
Meitill - GT Tækni ehf
Smurstöð Akraness sf



Ekkert barn útundan

– Takk fyrir frábæran stuðning við starfið!

Mjöll Þórarinsdóttir og fleiri sjálfboðaliðar aðstoðuðu félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar við að taka til skólatöskur, nestisbox, drykkjarbrúsa, liti, yddara, strokleður o.fl. sem þarf að nota heima við eftir skóla og sem barnafjölskyldur gátu nálgast hjá Hjálparstarfinu í upphafi skólaárs.

Alls söfnuðust 6,3 milljónir króna með átaki Hjálparstarfs kirkjunnar *Ekkert barn útundan* í ágúst og september síðastliðnum þegar valgreiðslukröfur voru sendar í heimabanka landsmanna. Andvirði söfnunarinnar fer til verkefna innanlands í þágu barna sem búa við fátækt.

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Flest sveitarfélög í landinu útvega nú skólagögn án endurgjalds og hefur aðstoð Hjálparstarfsins breyst samkvæmt því. Stuðningurinn felst nú helst í því að aðstoða barnafjölskyldur sem hafa ekki efni á að kaupa skólatöskur, hlýjan vetrarfátnað, íþróttavörur og fleira sem til fellur í upphafi skólaárs og yfir veturinn.

Hjálparstarf kirkjunnar styrkir börn og unglunga undir átján ára aldri og sem búa við fátækt til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Samtals 42 börn og unglingar undir átján ára

aldri fengu styrk á síðasta starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs, meðalupphæð styrkja var 27.776 krónur. Fyrir milligöngu Hjálparstarfsins geta börn og unglingar einnig sótt sumarþúðir og sjálfstyrkingarnámskeið.

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfsins sem notaður er til að styrkja sjálfráða ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar. Á síðasta starfsári nutu 58 ungmenni styrks til greiðslu skólagjalda í framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks var 33.463 krónur.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar stuðninginn

Trésmiðjan Akur ehf
Valfell fasteignasala
Þorgeir og Ellert hf

BORGARNES

Borgarbyggð
Gilsbakkakirkja
PJ byggingar ehf
Solo hársnyrtistofa sf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarnes

STYKKISHÓLMUR

Agustson ehf
Ásklif ehf
Þórsnes ehf

GRUNDARFJÖRÐUR

Dodds ehf
Þjónustustofan ehf

ÓLAFSVÍK

Steinprent ehf
HELLISSANDUR
KG Fiskverkun ehf
Sjávariðjan Rifi hf
Skarðsvík ehf

REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf
ÍSAFJÖRÐUR
GG málningarþjónusta ehf
Harðfiskverkun Finnþoga

Jón og Gunna ehf
Orkubú Vestfjarða ohf
Samgöngufélagið-www.samgongur.is
SMÁ vélaleigan
Vestfjarðaleið ehf

BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur

FLATEYRI

Sytra ehf

PATREKSFJÖRÐUR

Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf

Vesturbyggð

TÁLKNAFJÖRÐUR

Allt í járnum ehf
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Gistiheimilið Bjarmalandi

BÍLDUDALUR

Hafkalk ehf
HÓLMAVÍK

Sparisjóður Strandamanna

DRANGSNES

Rúna ehf
Sigrbjörg Halldórsdóttir

HVAMMSTANGI

Geitafell - Seafood Restaurant



Anna Steinsen frá KVAN hélt liflegan fyrirlestur um tengsl sjálfsmýndar, sjálfstrausts og þrautseigju fyrir SMSHóp Hjálparstarfs kirkjunnar þann 3. október síðastliðinn.

„Vertu þinn eigin peppari!“

„Hvað hefur áhrif á sjálfstraust þitt?“, spurði Anna Steinsen þjálfari frá fyrirtækinu KVAN þegar hún ræddi við SMSHóp Hjálparstarfs kirkjunnar þann 3. október síðastliðinn. KVAN sérhæfir sig í að styðja við ungt fólk jafnt sem fullorðna svo það geti virkjað hæfileika sem í þeim býr.

Konurnar í valdeflingarhópnum Stattu með sjálfri þér (SMS) nefndu ýmsa þætti sem hafa jákvæð áhrif á sjálfsmýndina og þar með sjálfstraustið. Jákvæð samskipti og góð heilsa, hreyfing og útivera voru nefnd en það sem upp úr stóð þótti að fá hrós fyrir vel unnið verk eða góða ástundun.

Anna nefndi að ekki væri hægt að hafa stjórn á ytri þáttum eins og hegðun og framkomu annarra en að sérhver manneskja hefði val um eigin viðhorf og viðbrögð við aðstæðum og áreiti. „Það er

frábært þegar við höfum einhvern í lífi okkar sem hrósar okkur og hlúir að okkur en það er dýrmætt að geta verið sinn eigin peppari og tala við sjálfa sig eins og við góða vinkonu,“ sagði Anna. Hún sagði að góð sjálfsmýnd og þar með gott sjálfstraust væru grundvöllur fyrir þrautseigju og því væri nauðsynlegt að huga að sjálfsmýndinni og hlúa að henni.

Verkefnið Virkni til farsældar – Stattu með sjálfri þér er verkefni sem hóf göngu sína í febrúar 2018. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur, konur sem eru utan vinnumarkaðar, fái bætt sjálfsmýnd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu. Konurnar hittast á fimmtudögum yfir vetrartímamundir handleiðslu félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar en velferðarráðuneytið styrkir starfið.

Húnaþing vestra

BLÖNDUÓS

Blönduósbær
Húnavatnshreppur
Skagabyggð
Vilko ehf

SKAGASTRÖND

Marska ehf

SAUÐÁRKRÓKUR

Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Dögun ehf
Efnalaug og þvottahús

VARMAHLÍÐ

Akrahreppur Skagafirði

AKUREYRI

Baldur Halldórsson ehf
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Bílapartasalan Austurhlíð
Byggingarfélagið Hyma ehf
Endurhæfingarstöðin ehf
Enor ehf
Fasteignasalan Byggð
Ferðaskrifstofa Akureyrar ehf
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Fóðurverksmiðjan Laxá hf
Geimstofan ehf, auglýsingastofa
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-
www.rettarholl.is
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf

Grófargil ehf

Hagvís ehf
Hlíð hf
Hlíðarskóli
Hnýfill ehf
Húsprýði sf
Höldur ehf, bílaleiga
Íslensk verðbréf hf
KG sendibílar
Kollgáta Arkitektúr
Kraftar og afl ehf
Ljósko ehf
Lögmanshlíð lögfræðisþjónusta ehf
Norlandair ehf
Pípulagningaþjónusta

Bjarna F Jónssonar ehf

Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Rakarastofa Akureyrar ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skóhúsið - Bónusskór
Skútaberghétt
Steypastöð Akureyrar ehf
Steypastöðun Norðurlands ehf
Timbra ehf, byggingarverktaki
Veitingastaðurinn Krua Siam
Ösp sf, trésmiðja
DALVÍK
Ektafiskur ehf



„Valdefling

hefur raunveruleg áhrif til góðs“

Biskup Íslands, verndari Hjálparstarfs kirkjunnar, og tuttugu og fjórir fulltrúar prestakalla, prófastsdæma og kirkjuráðs mættu á aðalfund Hjálparstarfs kirkjunnar sem haldinn var í safnaðarheimili Grensáskirkju laugardaginn 21. september síðastliðinn. Fundurinn hófst með helgistund í umsjón sér Maríu Guðrúnardóttur Ágústsdóttur sem fjallaði um gildi kærleikspjónustu í lífi sérhverrar manneskju.

Gunnar Sigurðsson, formaður framkvæmdastjórnar, setti fundinn að helgistund lokinni og sagði frá störfum stjórnar. Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar kynnti þar næst starfskýrslu stofnunarinnar fyrir starfsárið júlí 2018 – júní 2019, félagsráðgjafar sögðu frá verkþáttum í innanlandsstarfi og fræðslufulltrúi frá áskorunum og árangri á sviði fræðslu og fjáröflunar.

„Valdefling er það sem hefur raunveruleg áhrif til góðs“, sagði Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs um samvinnuverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík en á hverjum mánudegi hittast 45 – 55 konur af erlendu bergi brotnar og endurnýta efni með

Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2019 – 2020 eru: Gunnar Sigurðsson, formaður (2. til vinstri), Salóme Huld Garðarsdóttir (lengst til vinstri) og Hörður Jóhannesson (ekki á mynd). Varamenn í stjórn eru Vigdís Valgerður Pálsdóttir (lengst til hægri) og Benedikt Vilhjálmsson, (fyrir miðju) sem kjörinn var í stjórn í stað Páls Kr. Pálssonar, sem hætti eftir níu ára stjórnarsetu. Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar er 2. til hægri á myndinni.



því að sauma úr því fjölnota innkaupapoka, grænmetisþoka, dúka og margt fleira. Í lok saumavinnunnar borða konurnar saman hádegismat og kynnast betur en þátttakendur í verkefninu koma frá yfir tíu þjóðríkjum. Konurnar segja að það sé gott að koma, mynda tengsl og læra nýja hluti en auk þess að sauma fá konurnar fræðslu um málefni sem þær vilja vita meira um.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa í síauknum mæli lagt áherslu á verkefni sem eru undirbúin í samráði við fólkið sem tekur þátt í þeim. Með því að sniða verkefnið að þörfum og óskum þátttakendanna er mun líklegra að þau leiði til árangurs og breytinga í lífi fólks; að þau séu raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar.

Eftir hádegishlé kynnti framkvæmdastjóri starfsáætlun fyrir starfsárið 2019 – 2020, fjallað var um stefnumótunarvinnu sem nú er í gangi og um heimasíðu sem er í smíðum. Hjálparstarfið fagnar 50 ára starfsafmæli þann 9. janúar 2020 og rétt var um viðburði til að fagna þeim tímamótum.

Næsti fundur fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar verður haldinn fimmtudaginn 5. mars 2020.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar stuðninginn

Hibýlamálun, málningarþjónusta ehf
Vélvirki ehf, verkstæði

HÚSAVÍK

Trésmiðjan Rein ehf

LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar

Kvenfélag Reykdæla

Sparisjóður Suður-Pingeyinga

MÝVATN

Mývatn Tours Mývatnssveit

Vogar ferðaþjónusta

KÓPASKER

Vökvaþjónusta Kópaskers ehf

ÞÓRSHÖFN

Geir ehf

BAKKAFJÖRÐUR

K Valberg slf

EGILSSTAÐIR

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf

Gunnarsstofnun

Klausturkaffi ehf

Miðás ehf

Myndsmiðjan ehf

Rafey ehf

SEYÐISFJÖRÐUR

Seyðisfjarðarkaupstaður

REYÐARFJÖRÐUR

Fjarðabyggð

Tærgesen, veitinga- og gistihús

ESKIFJÖRÐUR

Egersund Ísland ehf

Eskja hf

Fjarðarþrif ehf

H.S. Lækning ehf

R.H.gröfur ehf

NESKAUPSTAÐUR

Síldarvinnslan hf

Verkmentaskóli Austurlands

DJÚPAVOGUR

Berunes farfuglaheimili ehf

Forustekkar ehf

HÖFN Í HORNAFIRÐI

AJTEL ICELAND ehf

Bessadýr ehf

Höfn Inn Guesthouse

Rósaberg ehf

Sveitafélagið Hornafjörður

Ögmund ehf

SELFOSS

Búhnykkur sf

Búnaðarsamband Suðurlands

Eðalbyggingar ehf

Fossvélar ehf

Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi

HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

– hjálparstarfið okkar!

Stuðningur stjórnvalda og almennings á Íslandi gerir Hjálparstarfi kirkjunnar kleift að starfrækja öflugt mannúðar- og hjálparstarf hér heima og meðal fólks í einna fátækustu samfélögum heims.

Á STARFSÁRINU JÚLÍ 2018 – JÚNÍ 2019

- naut Hjálparstarfið stuðnings frá **Hjálparliðum**, sem styrkja starfið með reglulegu framlagi, prestum og sóknum Þjóðkirkjunnar og með erfðagjöfum sem fólk gaf sem stuðning við góðgerðarmál.
- gengu **börn í fermingarfræðslu** í hús með söfnunarbauka Hjálparstarfsins og söfnuðu fé til vatnsverkefna í Afríku.
- svaraði almenningur kalli í **söfnunum um jól og páska** þegar safnað var fyrir verkefnum í Eþíópíu og Úganda og í ágúst þegar safnað var fyrir aðstoð við barnafjölskyldur á Íslandi í upphafi skólaárs undir slagorðinu **Ekkert barn útundan**.
- treystu stjórnvöld Hjálparstarfinu fyrir **opinberum framlögum** til mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnuverkefna sem og til aðstoðar innanlands.
- studdu fyrirtæki, stofnanir og samtök starfið með beinum styrkjum sem og með birtingu **styrktarlína og auglýsinga** hér í fréttablaði Hjálparstarfsins **Margt smátt...** sem kom út fjórum sinnum á starfsárinu.
- keyptu syrgjendur **minningarkort** Hjálparstarfsins og styrktu þannig starfið.
- keyptu fjölmargir tækifærisgjafir á gjafabréfasíðu Hjálparstarfsins **gjofsemgefur.is**. Gjafirnar sem þar fást eru táknrænar og endurspeglar starfið. Fólkið sem fær þau að gjöf fær tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar og það er dýrmæt gjöf.

Við stefnum ótrauð að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um farsæld, frið og öryggi í heiminum fyrir árið 2030.

**TAKK FYRIR
DÝRMÆTAN STUÐNING!**



Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Gullfosskaffi við Gullfoss
Hjá Maddy ehf
Hótel Gullfoss
Jáverk ehf
K.Þ Verktakar ehf
Kökugerð H P ehf
Málarinn Selfossi ehf
Pípulagnir Helga ehf
Rafteikn
Reykhóll ehf
Stálkrókur ehf
Svavar Sveinsson
Sveitarfélagið Árborg
Útfararþjónustan Fylgd ehf

HVERAGERÐI
Flóra garðyrkjustöð
Hótel Ör
ÞORLÁKSHÖFN
Landsbanki Íslands
Sveitarfélagið Ölfus
ÖLFUS
Gljúfurbústaðir ehf
STOKKSEYRI
Bjartás slf
Kvenfélag Stokkseyrar
LAUGARVATN
Ásvélar ehf
Menntaskólinn að Laugarvatni

FLÚÐIR
Ásgerði II ehf
Flúðasveppir ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
HELLA
Freyðing ehf
Hestvit ehf
HVOLSVÖLLUR
Kvenfélagið Hallgerður
Rangárþing eystra
VÍK
Mýrdalshreppur
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Skaftárhreppur

VESTMANNAEYJAR
Bergur-Huginn ehf
Bíla- og vélaverkstæði Nethamar ehf
Bíla- og vélaverkstæði Sigurjóns
Gröfuþjónustan Brinks ehf
Huginn ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Ós ehf
Rannsóknarþjónustan V.M.



GJÖF SEM GEFUR

„Elsku systir, þú hefur gefið fjölskyldu í Afríku vatnsbrunn“.

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu á Íslandi eða erlendis um nauðsynjar. Gefðu frumlega og skemmtilega gjöf sem getur breytt miklu fyrir fólk sem þarf á aðstoð að halda.

